



Velferðar- og mannréttindaráð Kópavogsbæjar
b.t. Bjargar Baldursdóttur formanns

Kópavogi, 7. maí 2026
26041097/005.05 HS

Efni: Uppfærðar upplýsingar um þróun biðlista í þágu barna og fjölskyldna, fullorðins fatlaðs fólks og biðtíma vegna þjónustu sem heyrir undir skrifstofu starfsstöðva og þróunar.

Á 16. fundi velferðar- og mannréttindaráðs dags. 13.4.2026 voru lagðar fram upplýsingar um stöðu biðlista eftir þjónustu sviðsins. Eftirfarandi var bókað:

Velferðar- og mannréttindaráð óskar eftir uppfærðum upplýsingum um þróun biðlista eftir þjónustu við börn og fjölskyldur og fullorðið fatlað fólk og frekari upplýsingum um biðtíma vegna þjónustu sem heyrir undir skrifstofu starfsstöðva og þróunar.

1. Miðjan – miðstöð stuðnings- og stoðþjónustu

1.1. Stuðningur við börn og fjölskyldur – einstaklingsstuðningur

Í mars 2026 voru 121 einstaklingur (1622 klst.) á bið eftir einstaklingsstuðningi og stuðningi við foreldra og 17 einstaklingar (216 klst.) voru á bið eftir aukningu á þjónustu.

Þann 7. maí sl. voru 108 einstaklingar (1498 klst.) á bið eftir einstaklingsstuðningi og stuðningi við foreldra og 15 einstaklingar (206 klst.) voru á bið eftir aukningu á þjónustu.

Á tímabilinu hafa verið ráðnir starfsmenn til að sinna 134 tímum af biðlistanum fyrir 15 einstaklinga. Því til viðbótar hefur verið staðið að endurmönnun í málum þar sem þjónusta var þegar farin af stað en starfsmenn að skipta um störf.

1.2. Stuðningur við börn og fjölskyldur á vegum barnaverndar – persónulegur ráðgjafi, tilsjón og stuðningsfjölskyldur.

Í mars 2026 var 21 einstaklingur á bið eftir persónulegum ráðgjafa og tilsjón. Þann 7. maí er staðan sú að 22 einstaklingar eru á bið eftir slíkri þjónustu.

1.3. Stuðnings- og stoðþjónusta fyrir fullorðið fatlað fólk

Í mars 2026 voru 32 einstaklingar (453 klst.) á bið eftir einstaklingsstuðningi og 4 einstaklingar (32 klst.) voru á bið eftir aukningu á þjónustu. Þann 7. maí voru 32 einstaklingar (526 klst.) á bið eftir einstaklingsstuðningi og 4 einstaklingar (32 klst.) voru á bið eftir aukningu á þjónustu. Hér er heildarfjöldi einstaklinga sá hinn sami.



1.4. Breytur sem hafa áhrif á stöðu biðlista og biðtíma

Það eru nokkrar breytur sem hafa áhrif á stöðuna, þar á meðal ráðning nýrra starfsmanna sem getur verið tímafrekt ferli. Umsækjendur þurfa að mæta í viðtal og afla þarf nauðsynlegra gagna, þar á meðal sakaskráupplýsinga sem afgreiddar eru af embætti ríkissaksóknara. Afgreiðslutími þeirra getur verið allt frá einum degi upp í tvær vikur og er ráðningarsamningur ekki gerður fyrr en upplýsingar úr sakaskrá liggja fyrir.

Jafnframt eru til staðar mál sem þarfnast endurmönnunar vegna starfsmanna sem eru að láta af störfum og mikilvægt er að tryggja samfellu í þjónustu til að koma í veg fyrir þjónusturof hjá einstaklingum. Í dag eru um 17 mál sem þarfnast endurmönnunar og nemur heildarfjöldi þjónustustunda í þeim málum um 140 klukkustundum.

Á tímabilinu 19. mars til 30. apríl var auglýsing birt á Alfreð, þar sem óskað var eftir stuðningsaðilum. Alls bárust 91 umsókn í heildina. Af þeim voru tekin 49 ráðningarviðtöl sem leiddu til 42 ráðninga, en tveir umsækjendur hættu við að loknu ráðningarferli. Þá hafa 10 einstaklingar farið í viðtal eða fengið boð í viðtal, en 7 þeirra annað hvort ekki mætt í viðtal eða hætt við.

Einnig hefur þörun starfsmanna við einstaklinga sem þurfa þjónustu áhrif á stöðuna, þar sem taka þarf mið af þjónustubörf einstaklinga og hæfni starfsmanna hverju sinni. Af þeim sökum eru 7 tímavinnustarfsmenn sem hafa enn ekki verið paraðir við þjónustunotanda.

Önnur breyta snýr að nýjum umsóknum um þjónustu sem bætast við biðlistann á sama tíma og unnið er að mönnun og úrvinnslu fyrirbyggjandi mála.

2. Skrifstofa starfsstöðva og þróunar

2.1. Höfuð-borgin

Engin biðlisti er sem stendur í Höfuð-borgina eftirskólaúrræði fyrir fötluð ungmenni á framhaldsskólaaldri. Starfsemin er tímabundið staðsett í Roðasölum 1 og rúmar alla notendur í dag sem eru 12 í vetrarstarfinu en notendafjöldi mun líklega ná um 27-30 yfir sumartímann.

2.2. Skammtímadvöl

Skammtímadvalir eru lögbundin þjónusta fyrir fötluð börn og ungmenni sem veitir tímabundinn stuðning utan heimilis eða inni á heimili þegar umönnunarþarfir eru miklar. Þjónustan er skipulögð í litlum einingum, þar sem hámarksfjöldi notenda skal, alla jafna ekki vera fleiri en sex samtímis og að þjónustutími skammtímadvalar getur verið allt frá hluta út degi og upp í 15 sólarhringa á mánuði. Í maí 2026 eru 20 einstaklingar á biðlista þar sem meðal biðtími er 21,8 mánuðir. Fækkun hefur orðið á biðlistanum frá árinu 2025 um 8 einstaklinga og meðalbiðtími styst um tæpa fimm mánuði. Á biðtíma er í flestum tilvikum veitt önnur þjónusta til að mæta stuðningsþörfum.



2.3. Vinna og virkni

Á bið eftir vinnu og virkni fyrir fatlað fullorðið fólk eru 7 einstaklingar þar af 4 sem eru ekki í úrræði, 2 að útskrifast úr framhaldsskóla næsta vor og 1 í einu úrræði en á bið eftir öðru. Sá sem hefur beðið lengst hefur beðið 12 mánuði en sá sem hefur beðið styst hefur beðið 3 mánuði.

2.4. Sértek búseta

Á biðlista eftir sértæku húsnæði eru 28 einstaklingar og er meðalbiðtími eftir húsnæði 56 mánuðir. Sá sem hefur beðið lengst hefur beðið 135 mánuði og sá sem hefur beðið styst hefur beðið í 1 mánuð. Meðalaldur umsækjenda er 36 ár en sá yngsti er 19 ára og sá elsti 65 ára.

Virðingarfyllst,

Hlín Sigurpórsdóttir
verkefnastjóri velferðarsviðs